Félagsráðgjafafélag Íslands

Heilbrigðisráðuneytið
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Reykjavík, 9. febrúar 2021.

Efni: Umsögn Félagsráðgjafafélags Íslands og Félagsráðgjafardeildar Háskóla Íslands um tillögu til þingsályktunar um stofnun landsráðs um mönnun og menntun í heilbrigðisþónustu, 151. löggjafarþing 2020-2021. Þingskjal x – x. mál. Stjórnartillaga.

Félagsráðgjafafélag Íslands (FÍ) og Félagsráðgjafardeild HÍ (FRG) fagna tillögu til þingsályktunar um stofnun landsráðs um mönnun og menntun í heilbrigðisþjónustu. Félagsráðgjöf er heilbrigðisgrein og sækja félagsráðgjafar um starfsleyfi til Landlæknisembættis. Til þess að geta sótt um starfsleyfi þarf að ljúka fimm ára námi, sem felur í sér þriggja ára nám til BA-prófs auk tveggja ára MA-náms til starfsréttinda í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands.

Í greinargerð með tillögunni er vísað til þess að með samþykkt heilbrigðisstefnu til ársins 2030 hafi mikilvægum áfanga verið náð í að skapa sátt um framtíðarsýn í heilbrigðisþjónustu. Jafnframt er vikið að árlegum heilbrigðisþingum 2018, 2019 og 2020 en á hinu síðast nefnda var fjallað sérstaklega um mönnun og menntun í heilbrigðisþjónustunni en þar var þó ekki fjallað um félagsráðgjöf. Þá kemur fram í greinargerð með þingsályktunartillögunni að heilbrigðisráðherra hafi skipað fjóra starfshópa til að vinna mannaflagreiningu innan heilbrigðisþjónustu og liggja fyrir skýrslur frá árinu 2020 um þrjá faghópa, þ.e. sjúkraliða, hjúkrunarfræðinga og lækna. Í greinargerðinni kemur fram að setja eigi á stofn þverfaglegt landsráð um mönnun og menntun í heilbrigðisþjónustu sem ætlað er að vera ráðgefandi starfseining sem vinnur að undirbúningi ákvarðana fyrir heilbrigðisráðherra á sviði mönnunar og menntunar í heilbrigðisþjónustu. Einnig kemur fram að sérstök áhersla verði lögð á að landsráðið verði skipað einstaklingum með fjölþætta fagþekkingu og víðtæka reynslu af sviði heilbrigðisþjónustu, menntamála og vísinda auk þess sem sérstakt samráð verði haft við mennta- og menningarmálaráðherra um menntun heilbrigðisstétta með það að markmiði að tryggja fullnægjandi mönnun í heilbrigðisþjónustunni. Félagsráðgjafafélag Íslands hlakkar til að taka þátt í samtali um mönnun heilbrigðisþjónustunnar og menntun heilbrigðisstétta og Félagsráðgjafardeild lýsir sig einnig reiðbúna til að taka þátt í þessu starfi.

Félagsráðgjafarfélag Íslands og Félagsráðgjafardeild hafa um nokkura ára skeið óskað eftir að þörf fyrir mannafla sé skipulega metin og í bréfi til félags- tryggingа- og heilbrigðisráðherra frá ofangreindum aðilum þann 19. nóvember 2010 sagði m.a. „Við leyfum okkur því að óska eftir því við ráðherra félags- tryggingar og heilbrigðismála að skipaður verði starfshópur sem hafi það hlutverk að meta hversu marga félagsráðgjafa má ætla að þörf verði fyrir á næsta áratug. Í kjölfar slíkrar athugunar gæti Félagsráðgjafardeild gert raunhæfar tillögur um stefnumörkun til hlutaðeigandi aðila, þ.e. innan Háskóla Íslands og á vettvangi.“

Mikil og vaxandi ásókn er í nám í félagsráðgjöf og stunda nú 404 nemendur BA nám í greininni. Nauðsynlegt hefur reynst að takmarka fjölda nemenda í MA nám til starfsréttinda við 40 en afar mikilvægt er að hægt verði að taka inn fleiri í ljósi mikillar eftirspurnar eftir starfskröftum félagsráðgjafa. Í janúar 2021 voru auglýst 16 störf en ef allar spár ganga eftir þá munu útskrifast 27 félagsráðgjafar í júní n.k. Á komandi árum munu um 70 félagsráðgjafar hætta störfum vegna aldurs. Það er þekkt að þörf fyrir ýmsa þjónustu félagsráðgjafa eykst mjög í kjölfar kreppu, eins og t.d. tölur um fjölgun barnaverndartilkynningar hérlendis sýna glögglega. Það er því mjög mikilvægt að landsráði um mönnun og menntun verði komið á sem allra fyrst og það leggi þegar í stað mat á þörf fyrir mönnun á sviði félagsráðgjafar.

Félagsráðgjafar vinna að andlegu, líkamlegu og félagslegu heilbrigði frá getnaði til grafar á hinum mismunandi sviðum velferðar, í félags- og heilbrigðisþjónustu, barnavernd og skólaþjónustu, við endurhæfingu og málefni fatlaðs fólks og aldraðra svo dæmi séu tekin. Það sama á við um ýmsar heilbrigðisstéttir, þær starfa víða í velferðarkerfinu og því er mikilvægt að orðalag þingsályktunarinnar taki mið af þörf fyrir mönnun og menntun **heilbrigðisstétta**, frekar en að orðalagið sé bundið við heilbrigðisþjónustuna sem slíka. Ef það er skortur á starfskröftum tiltekinnar heilbrigðisstéttar í einu þjónustukerfi þá hefur það óhjákvæmilega áhrif á önnur.

Félagsráðgjafafélag Íslands og Félagsráðgjafardeild fagna framkominni **þingsályktun um stofnun landsráðs um mönnun og menntun í heilbrigðisþónustu** og lýsa sig reiðubúin til að taka þátt í samtali um mönnun og menntun heilbrigðisstétta.

Með vinsemd og virðingu,

f.h. Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann,
Formaður

f.h. Félagsráðgjafardeildar
Háskóla Íslands

Guðný Björk Eydal
Deildarforseti